

**Þróunarsjóður innflytjendamála 2016-17**  
**Development Fund for Immigration Issues**

**Heiti verkefnis:** Hæfnigreining starfs samfélagstúlks

**Nafn styrkþega:** Mímir símenntun

**Útdráttur:** Viðfangsefni verkefnisins var að hæfnigreina starf samfélagstúlks með aðferðafræði Fræðuslumiðstöðvar atvinnulífsins. Greiningaraðferðin byggir á notkun þrepaskiptra hæfniþátta þar sem búið er að skilgreina á hlutlægan hátt þá persónulegu og faglegu hæfni sem skiptir megin máli á vinnumarkaði. Aðferðir FA við að greina hæfnikröfur starfa byggja á virkri þátttöku hagsmunaaðila úr atvinnulífinu. Sjálf greiningin fer fram á þremur fundum með stýrihópi og þátttakendum. Niðurstaða vinnunnar er svokallaður starfaprófill en hann er grundvöllur fyrir námskrárs krif en Mímir hefur fengið styrk til þeirrar vinnu.

Leitast var við að velja einstaklinga sem hafa víða sýn á viðkomandi starfsgrein, tengsl hennar við aðrar greinar og þá sem þekkja framtíðarsýnina. Til vinnunnar voru boðaðir eigendur/ framkvæmdastjórar túlknaþjónusta: Alþjóðasetur (Alexander Dungal) og Túlknaþjónustan SLF (Sandra M. Steinarsdóttir), fulltrúi HÍ (Gauti Kristmannsson), fulltrúi kaupenda þjónustunnar: Rauði krossi Íslands (Nína Helgadóttir) og starfandi/reyndir túlkar: Birna Ímsland, (sjálfstætt starfandi), Erla Bolladóttir (Mími), Irma Matchavariani (Mími), Marina Mendonca (sjálfstætt starfandi ). Fyrirkomulag greiningarfunda var með hefðbundnu sniði eins og lagt er til í handbók FA og var fundur stýrihóps haldinn 22. janúar og greiningarfundirnir 6. febrúar, 22. febrúar og 27. febrúar. Síðasti greiningarfundurinn tók lengri tíma en til stóð og var því bætt við stuttum fundi til að klára að setja almennu starfshæfnina á þrep þann 9. mars. Að greiningarfundum loknum hófst úrvinnsla hjá verkefnastjóra og stýrihópi. Niðurstöðurnar voru svo settar fram á staðlaðan hátt. Stýrihópur gerði engar athugasemdir við niðurstöðuna og var fengið formlegt samþykki hjá FA. Vinnunni telst því lokið og er vinna hafin við námskrárskrif (annað verkefni) hjá Mími símenntun.

**Project Title:** Competency analysis of public service interpreter

**Name of Grantee:** Mímir símenntun

**Abstract:** The task of the project was to analyse the competencies that the public service interpreter needs. It was done using analytical procedure provided by *The Education and Training Service Centre (ETSC)*. The task was to create a job profile and to identify the educational needs of the target group as basis for writing of a curriculum and / or program description.

The first task was to gather a steering group that represented owners of interpretation services and the users of the service. The University of Iceland had a representative in the group and self-employed experienced interpreters took part as well. Two other interpreters took part in the workshops. All together 8 people participated.

The steering group had one meeting to set the outlines of the project and then the analysis was carried out in three meetings in accordance with the specifications from ETSC. In the first meeting the group wrote a description of the tasks (the core of the occupation) followed by a list of tasks which were put in order of importance. In the second meeting the participants chose competencies and in the third meeting they put the competencies on levels that correspond to the levels of the National Qualification Framework. The fourth meeting had to be added to finish putting employability skills on levels. After the group had finished its task the project manager gathered information and turned in to ETSC which approved the results.